Mannréttinda stofnun Íslands

Dómsmálaráðuneytið

16. október 2026

Umsögn Mannréttindastofnunar Íslands um frumvarp til breytinga á lögum um útlendinga

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar, sem varða meðal annars rétt einstaklinga til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Mannréttindastofnun Íslands bendir á mikilvægi þess að vanda vel til verka þegar réttindi einstaklinga eru takmörkuð og tryggja að meðalhófs og jafnræðis sé gætt.

Mannréttindastofnun telur jákvætt að stefnt sé að því að gera breytingar á lögum um útlendinga sem miða að því að bæta réttarstöðu þolenda mansals og alvarlegra brota á vinnumarkaði. Stofnunin bendir þó á mikilvægi þess að skýra enn frekar réttarstöðu þolenda mansals eftir að gildistíma dvalaleyfis þeirra lýkur, einkum þeirra sem enn fást við afleiðinga mansalsins og eru því ekki vinnufær, svo sem algengt er um þolendur mansals í kynlífsiðnaði. Í því sambandi vísar stofnunin til umsagnar Bjarkarhlíðar um d-lið 9. gr. frumvarpsins.

Um 17. gr.

Í 17. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um aldursskilyrði hjúskapar- og sambúðarmaka og er þar lagt til að skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis á grundvelli 70. gr. verði að hvor aðili um sig hafi náð 24 ára aldri þegar dvalarleyfi er veitt, með tilteknum undantekningum. Í greinargerð með frumvarpinu kemur meðal annars fram að markmið ákvæðisins sé að draga úr hættu á að stofnað sé til hjúskapar í öðrum tilgangi en þeim að mynda fjölskyldu og að draga úr hættu á að einstaklingar séu þvingaðir til hjúskapar. Þó að breytingin stefni þannig að málefnalegu markmiði veltir Mannréttindastofnun fyrir sér hvort hún feli í sér óþarflega íþyngjandi takmörkun á friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, enda fyrirséð að breytingin myndi hafa áhrif á mun fjölbreyttari hóp einstaklinga en þá sem hætta er á að gangi í nauðungar- eða málamyndahjónabönd. Má í þessu samhengi benda á að ýmsir alþjóðlegir eftirlitsaðilar gagnrýndu sambærilegt aldursskilyrði í eldri lögum um útlendinga, sem fellt var brott árið 2016, þar á meðal nefnd Sameinuðu þjóðanna um afnám kynþáttamisréttis, Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins og nefnd Evrópuráðsins gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi.

Ef talin er þörf á að færa svokallaða 24 ára reglu aftur í lög væri æskilegt að bæta við fleiri undanþágum, svo sem í þeim tilvikum sem báðir einstaklingar í hjúskap eða

sambúð eru á sambærilegum aldri, ekki er grunur um valdaójafnvægi á milli þeirra og talið er augljóst að hjónaband eða sambúð sé með vilja beggja einstaklinga.

Um 22. gr.

Í 22. gr. frumvarpsins er lögð til ný 79. gr. a sem felur í sér þrengingu á rétti til fjölskyldusameiningar. Sem fyrr segir er mikilvægt að farið sé varlega þegar réttur einstaklinga til fjölskyldulífs er takmarkaður og þess gætt að ekki sé gengið lengra en nauðsynlegt er til að ná því markmiði sem að er stefnt.

Að mati Mannréttindastofnunar er orðalag ákvæðisins of afdráttarlaust varðandi það að ekki verði heimilt að veita dvalarleyfi á grundvelli þess ef útlendingur á aðra aðstandendur, maka eða börn, í heimaríki. Þannig væri æskilegt að breyta orðalagi ákvæðisins þannig að tekið sé fram að ákvæðið eigi einungis við ef aðstandendur í heimaríki hafi burði til að annast viðkomandi.

Að lokum bendir Mannréttindastofnun Íslands á að hlutverk hennar er meðal annars að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um eflingu og vernd mannréttinda og er stofnunin því reiðubúin í frekara samtal og samráð um frumvarpið eða önnur málefni sem varða mannréttindi með einum eða öðrum hætti. Mun stofnunin jafnframt koma frekari ábendingum á framfæri eftir því sem tilefni er til við vinnslu málsins.

Virðingarfyllst,

Margrét María Sigurðardóttir,
framkvæmdastjóri